



Borgarráð

Reykjavík, 14. September 2026
FAS26090013

Tillaga matsnefndar¹ vegna umsóknar Vogunar ehf. kt. 600820-0950 fyrir hönd óstofnaðs félags um stofnframlag frá Reykjavíkurborg

Lagt er til að borgarráð samþykki tillögu matsnefndar um að hafna umsókn um stofnframlag frá Reykjavíkurborg til Vogunar ehf. fyrir hönd óstofnaðrar húsnæðissjálfsseignarstofnunar (hses.) vegna:

10 leiguíbúða, kaupáætlun; Eddufell 6, stofnvirði kr. 726.085.000 og 12% stofnframlag kr. 87.130.200. Í meðförum HMS hefur stofnvirði verkefnis verið lækkað í kr. 610.964.000 og 12% stofnframlag Reykjavíkurborgar því kr. 73.315.680.

Ofangreind tillaga um að hafna stofnframlagi var samþykkt af matsnefnd vegna veitingu stofnframlaga 10. september 2026.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Tillaga matsnefndar vegna umsóknar Vogunar ehf.



Reykjavík

Borgarstjórinn í Reykjavík
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Erindi: Tillaga matsnefndar¹ vegna umsóknar Vogunar ehf. kt. 600820-0950 fyrir hönd óstofnaðs félags um stofnframlag frá Reykjavíkurborg.

Þann 26. júní 2026 barst Reykjavíkurborg umsókn **Vogunar ehf. fyrir hönd óstofnaðs félags** um stofnframlag með vísan til laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, reglugerðar 183/2020 með síðari breytingum og reglna Reykjavíkurborgar um stofnframlög dags. 29. september 2016 (rrs) vegna:

10 leiguíbúða, kaupáætlun; Eddufell 6, stofnvirði kr. 726.085.000 og 12% stofnframlag kr. 87.130.200. Í meðförum HMS hefur stofnvirði verkefnis verið lækkað í kr. 610.964.000 og 12% stofnframlag Reykjavíkurborgar því kr. 73.315.680.

Reglur Reykjavíkurborgar um stofnframlög gera ríkar kröfur um gagnaskil, sbr. 5. gr. reglnanna, til að tryggja að upplýst ákvörðun sé tekin um veitingu stofnframlaga.

Umsókn um stofnframlag ber að meta í samræmi við 8. gr. reglnanna þar sem tilgreindir eru átta meginþættir matsins.

Niðurstaða matsnefndar varðandi verkefni í umsókn Vogunar ehf. fyrir hönd óstofnaðs félags er eftirfarandi:

- ✓ Áætlað heildarstofnvirði verkefnisins nemur kr. 610.964.000 og 12% stofnframlag kr. 73.315.680.
- ✓ Umsóknin rúmast ekki innan fjárheimilda skv. fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2026.

Matsnefnd leggur til að borgarráð samþykki tillögu um að hafna umsókn um stofnframlag frá Vogun ehf. fyrir hönd óstofnaðs félags á grundvelli framangreinds.

¹ Þann 3. mars 2025 skipaði borgarstjórinn í Reykjavík matsnefnd vegna veitingu stofnframlaga í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um veitingu stofnframlaga sem samþykktar voru í borgarráði dags 29. september 2016. Hlutverk matsnefndar er að fara yfir umsóknir um stofnframlög Reykjavíkurborgar og gera tillögu til borgarstjóra um afgreiðslu þeirra á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, reglugerðar nr. 183/2020 og reglna Reykjavíkurborgar um stofnframlög.



Reykjavíkurborg

Halldóra Káradóttir

Óli Jón Hertervig

Oddrún Helga Oddsdóttir

Karl Einarsson
starfsmaður matsnefndar